



Fréttatilkynning frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI DJÍBÚTIS Á ÍSLANDI BLAÐAMANNAFUNDUR

Forseti Djíbútís, Ismail Omar Guelleh, kemur til Íslands skömmu eftir hádegi í dag og dvelur hér á landi þar til síðdegis á þriðjudag, 20. febrúar. Með honum í þessari vinnuferð eru utanríkisráðherra Djíbútís, Mahmoud Ali Youssouf, og sendinefnd skipuð embættismönnum og sérfræðingum á sviði jarðhitanýtingar.

Fyrsti áfangastaður gestanna er hin nýja Hellisheiðarvirkjun þar sem forystumenn Orkuveitu Reykjavíkur taka á móti þeim um kl. 14:30 og kynna starfsemi orkuversins. Viðamikil dagskrá tekur við í kjölfarið í höfuðstöðvum Orkuveitunnar og hefst um kl. 15:15. Forseti Djíbútís, forseti Íslands, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri Reykjavíkur, utanríkisráðherra Djíbútís og forystumenn Orkuveitu Reykjavíkur munu síðan ræða við blaðamenn um kl. 15:30.

Mahmoud Ali Youssouf utanríkisráðherra Djíbútís mun síðdegis í dag eiga viðræður við Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra í húsakynnum utanríkisráðuneytis við Rauðarárstíg.

Forseti Djíbútís mun eiga viðræður við forseta Íslands á Bessastöðum að kvöldi mánudagsins 19. febrúar. Að þeim loknum munu forsetinn og fylgdarlið hans sitja kvöldverðarboð forseta Íslands.

Í fyrramálið, þriðjudaginn 20. febrúar kl. 10:15 heimsækja gestirnir höfuðstöðvar Glitnis og eiga viðræður við forsvarsmenn bankans og forystumenn sjóðsins Geysir Green Energy. Síðasti áfangastaður gestanna er Bláa lónið.

19. febrúar 2007

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri.